

jandi sektaður fyrir þau, og virðist sektin hæfilega ákveðin 60 kr. eða 12 daga einfalt fangelsi, ef sektin er ekki greidd í tæka tíð. Yfirdómurinn felst og á málskostnaðar ákvæði dómsins, og verður hann því staðfestur með áminstri breytingu á sektarupphæðinni. Áfrýjandi greiði stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi 15 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður, þó svo, að hin ídæmda sekt sé 60 kr., eða 12 daga einfalt fangelsi, ef sektin er eigi greidd í réttan gjald-daga. Áfrýjandinn, Gunnar Egilsson, greiði stefnda, Birni Kristjánssyni bankastjóra, í málskostnað fyrir yfirdómi 15 krónur.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 32/1911:

Carl P. M. Nielsen
gegn

Jóni Þorsteinssyni,
Gunnlaugi Marteinsyni og
Ingimundi Halldórssyni

D ó m u r:

Mál þetta var af hálfu áfrýjanda Carls P. M. Niel-

sens stórkaupmanns í Kaupmannahöfn höfðað fyrir gestarétti Akureyrarkaupstaðar gegn hinum stefndu, Jóni Þorsteinssyni, Gunnlaugi Marteinssyni og Ingimundi Halldórssyni, öllum til heimilis í Ólafsfirði, til greiðslu á 6000 króna skuld fyrverandi kaupmanns á Akureyri, Magnúsar Þórðarsonar, er nefndur stórkaupmaður taldi hina stefndu hafa tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á. En með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 15. apríl f. á., voru hinir stefndu dæmdir sýknir af kröfum áfryjanda og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir nú af hálfu Carls P. M. Nielsens verið skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 11. júlí f. á., og er þess krafist, að dómurinn verði úr gildi feldur, en að kröfur áfryjanda fyrir gestaréttinum verði teknar til greina þannig, að stefndu verði einn fyrir alla og allir fyrir einn dæmdir til að greiða áfryjanda 6000 krónur með 6% ársvöxtum frá 10. febrúar 1910, er gestaréttarstefnan var útgefin, til borgunardags; svo verði stefndu og dæmdir til að greiða áfryjanda allan málskostnað fyrir undir- og yfirdómi. Af hálfu stefndu hefir þess verið krafist, að þeir verði algjörlega sýknaðir af kröfum áfryjanda, og að hann verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Með skjali dags. Akureyri og Ólafsfirði 24. og 30. apríl 1908, skuldbundu hinir stefndu sig gagnvart áfryjandanum til að ábyrgjast skaðlaust sem sjálfskuldarábyrgðarmenn alt að 6000 krónum af þeirri upphæð, er kaupmaður Magnús Þórðarson kynni á hverjum tíma sem væri að skulda áfryjandanum fyrir vörur eða peningalán samkvæmt samningi, er þeir áfryjandinn og Magnús Þórðarson gjörðu sín í milli 20. marz 1908, eða eins og það

er orðað á frummálinu: Þindtil 6000 Kroner af det Beløb, som af Købmand Magnús Thordarson til enhver Tid maatte skyldes Hr. Carl P. M. Nielsen for Varer eller kontante Forstrækninger i Henhold til den mellem Carl P. M. Nielsen og Magnús Thordarson oprettede Overenskomst af 20. Marts 1908«. Eftir samningi þessum 20. marz 1908 var áfrýjandi skyldur til að lána Magnúsi Þórðarsyni í vörum eða peningum til verzlunar þeirrar, er hann hafði þá fyrir nokkru stofnað, alt að 25,000 krónum, eða eftir atvikum 30,000 krónur, og voru í samningnum að öðru leyti ákvæði sett um það, hvernig viðskiftunum milli þeirra skyldi hagað. Þessi viðskifti virðast þó ekki hafa staðið lengur en út árið 1908. Þá var skuldin orðin yfir 26,000 krónur eftir reikningi áfrýjanda, og höfðaði hann síðan mál það, er nú er fyrir yfirdóminum gegn ábyrgðarmönnum Magnúsar, hinum stefndu, til að fá þá dæmda til að greiða það af skuldinni, er þeir höfðu ábyrgst fyrir Magnús, og gjörði fyrir yfirdómi kröfur þær í málinu, er fyr eru greindar. Það er ekki borið á móti því af hálfu hinna stefndu, að þeir hafi undirritað framangreint ábyrgðarskjal, dags. 24. og 30. apríl 1908, og að Magnús Þórðarson kaupmaður hafi með samþykki þeirra fengið það áfrýjanda til tryggingar skuld hans við áfrýjanda; því er heldur ekki neitað, að skuld Magnúsar Þórðarsonar, sem stefndu eiga að svara til, ef á annað borð nefnt ábyrgðarskjal verður talið skuldbindandi fyrir þá, nemi þeirri upphæð, er áfrýjandi gjörir kröfu til í máli þessu. En því er neitað af stefndu, að ábyrgðarskjalið sé að neinu leyti skuldbindandi fyrir þá, og telja þeir sig af þeim sökum ekki skylda til að greiða hina umstefndu skuldarupphæð. Að umrætt ábyrgðarskjal sé

ekki skuldbindandi fyrir stefndu, byggja þeir á því, að með tilvitnuninni í enda skjalsins til samningsins 20. marz 1908 (samkv. samningi, er þeir Carl P. M. Nielsen (áfrýjandinn) og Magnús Þórðarson gjörðu sín á milli 20. marz 1908) sé þessi samningur gjörður að óaðskiljanlegum hluta ábyrgðarskjals hinna stefndu og gildi þess skjals þar með bundið því skilyrði, að öll ákvæði samningsins væru uppfyllt af áfrýjanda, þar á meðal sérstaklega ákvæði 2 greinar samningsins, þó að ekkert sé að öðru leyti á slíkt skilyrði minnst í ábyrgðarskjalinu. Þessi skilningur stefndu á ábyrgðarskjalinu er þó ekki á neinum rökum byggður. Í því er, eins og orð skjalsins, sem tilfærð eru hér að framan, sýna augljóslega, að eins áskilið, að skuld Magnúsar Þórðarsonar, er stefndu undirgengust ábyrgð á, skuli stafa frá vöruláni eða peninga, er Magnús Þórðarson hafi fengið hjá áfrýjanda í viðskiftasambandi því, er skapað var með samningnum 20. marz 1908, en það getur enginn vafi verið á því, og því er heldur ekki neitað í málinu, að skuld sú, er hér um ræðir og krafist er borgunar á í þessu máli, stafi frá þessu viðskiftasambandi. Á tilvitnuninni í ábyrgðarskjalinu verður þannig eigi byggð nein takmörkun á gildi þess, slík sem stefndu vilja halda fram, og það er því óþarft að rannsaka hér frekar útlistanir þær á einstökum ákvæðum nefnds samnings 20. marz 1908, sérstaklega 2. gr. hans, er þessi skoðun stefndu hefir gefið þeim tilefni til. Það er nægilegt fyrir úrslit þessa máls að geta þess, að eins og stefndu sjálfir hafa ekki í ábyrgðarskjalinu bundið gildi ábyrgðar sinnar við einstök ákvæði samningsins 20. marz 1908, eins sést það ekki af neinu í málinu, að áfrýjandinn eða Magnús Þórðarson, aðilar samningsins

sjálfir, hafi ætlast til, að hann að neinu leyti væri stefndu viðkomandi, og þar sem stefndu hafa sérstaklega haldið því fram, að þeir hafi verið leystir frá ábyrgðarskuldbinding sinni fyrir það, að áfrýjandi ekki þegar í stað vildi taka ábyrgð þeirra gilda, þegar Magnús Þórðarson bauð honum hana, þá gat tilkynning um þetta, sem áfrýjandi sendi Magnúsi Þórðarsyni, engin áhrif haft á skyldu stefndu til að standa við ábyrgðarskuldbinding þeirra, því að Magnús Þórðarson, sem hafði fengið ábyrgðarskuldbindinguna hjá stefndu og átti ráðin yfir henni, leysti ekki stefndu frá ábyrgðinni, heldur lét áfrýjanda halda ábyrgðarskjalinu, og fekk hann síðar til að taka það gilt, með því að bæta það upp með varaábyrgð annara manna, sem undirgengust að svara til skuldarinnar ef svo reyndist, að stefndu gætu eigi greitt hana af hendi, er til kæmi. Samkvæmt því, er að framan hefir verið tekið fram, og með því að það er alveg heimildarlaust eftir orðum ábyrgðarskjalsins að takmarka ábyrgð stefndu við þá upphæð, er skuld Magnúsar Þórðarsonar færi fram úr 25,000 krónum, eins og stefndu virðast hafa ætlast til, að gjört yrði til vara, þá verður að álíta hina stefndu skylda til að svara sem sjálfskuldarábyrgðarmenn til þess hluta af skuld Magnúsar Þórðarsonar til áfrýjanda, er þeir eru lögsóttir fyrir í máli þessu, og ber því að dæma þá til þess samkvæmt kröfum áfrýjanda að greiða honum einn fyrir alla og allir fyrir einn hina umkröfðu skuldarupphæð, 6,000 krónur, með 6% ársvöxtum frá 10. febrúar 1910 til borgunardags. Svo þykir og rétt, að þeir greiði áfrýjanda einnig in solidum málskostnað fyrir báðum réttum, er ákveðst 60 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinir stefndu, Jón Þorsteinsson, Gunnlaugur Marteinsson og Ingimundur Halldórsson, greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn áfrýjandanum, Carl P. M. Nielsen, stórkaupmanni í Kaupmannahöfn 6,000 — sex þúsund — krónur, með 6% ársvöxtum frá 10. febrúar 1910 til borgunardags, og í málskostnað fyrir báðum dómum 60 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 49/1911

Halldór Jónasson
 gegn
 Eyólfi Jónssyni.

Dómur:

Áfrýjandi þessa máls, Halldór Jónasson, kaupmaður á Siglufirði, var með gestaréttardómi Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar, uppkveðnum 10. júní f. á., dæmdur til að greiða stefnda, Eyólfi Jónssyni, útbússtjóra á Seyðisfirði, 4311 kr. 78 aura, með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags, til lúkningar skuld Magnúsar Blöndals, fyr kaupmanns á Akureyri, til Aalgaards Uldvarefabrikker í Noregi, er áfrýjandi hafði gjörst sjálfskuldarábyrgðarmaður að, en málskostnaður fyrir gestaréttinum var látinn falla niður.